Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholtinu

DESEMBER 2019

11. tbl. 26. árg.

Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við Elínrósu Benediktsdóttur skólastjóra í Ölduselsskóla

Húsasmíðanemar FB í starfsþjálfun

Fleira skemmtilegt er að gerast í FB þessa dagana en undirbúningur jóla. Húsasmíðanemarnir Gísli Guðmundsson og Hreiðar Vilhjálmsson eru staddir í Hollandi í starfsþjálfun í fyrirtæki á vegum Graafschap College í Doetinchem sem er vinaskóli FB þar í landi.

Húsasmíðakennararnir þeir Benedikt Kristjánsson og Stefán Rafnar Jóhannsson sem og rafvirkjakennarinn Víðir Stefánsson heimsóttu einnig Graafschap College og vinnustað nemanna. Frábær ferð og lærdómsrík. Það er menntaáætlun Evrópusambandsins Erasmus+ sem styrkir náms- og þjálfunarverkefnið.

Jólapeysudagur í FB

Starfsfólk Fjölbrautaskólans í Breiðholti mætti í þessum flottu jólapeysum þann 3. desember sl.

Sú hefð hefur skapast í skólanum að starfsfólk mætir í jólapeysum í upphafi aðdraganda jóla. Má segja að með því hefjist jólaundirbúningurinn í FB.

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

SVÍNAKJÖT Á TILBOÐI

Svína lundir 2.499 kr/kg
Svína hnakki 1.500 kr/kg
Svína kótilettur 1.623 kr/kg
Svína snitsel 1.829 kr/kg
Svína rif 1.191 kr/kg

SELJAKJÖR
– KAUPMAÐURINN Á HORNINU –

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
11. tbl. 26. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Viljum ekki verða illa læs þjóð

Skólabörnin eru bráðum á leið í jólafrí en umræðan um skólamálin heldur áfram. Nýjustu niðurstöður úr PISA könnun hafa enn vakið ugg enda árangur í lestri stöðugt á niðurleið. Mun verri en hjá nágrannaþjóðum okkar.

Menn greinir á um hvað valdi. Hvar orsökina sé að finna. Hvort hún liggur hjá snjalltækninni, í skólakerfinu, yfirstjórn menntamála eða foreldra og uppalenda. Kári Stefánsson velti því meira að segja í gríni fyrir sér í sjónvarpsþætti hvort verið geti að Íslendingar séu ekki eins vel úr garði gerðir og nágrannar þeirra.

Eflaust er orsakanna að leita víða. Ekkert eitt á tæpast sök á lestrarvanda barna og ungmenna.

Að undanförnu hefur eitt og annað verði gert í skólamálum. Í Breiðholtinu hefur verið unnið að ýmsu enda er það eitt fjölbreyttasta byggðarlag Reykjavíkur þegar kemur að uppruna og rótum íbúa.

Eitt af því er skólatengslaverkefnið í Hólabrekkuskóla sem nú heldur áfram annað árið í röð. Markmið þess eru aukin skólatengsl. Fjöldi rannsókna sýna að góð tengsl nemenda og kennara eru forsenda góðs árangurs í námi.

Í Fellaskóla hefur um árabil verið unnið sérstaklega með þarfir og hag aðfluttra barna. Barna sem styðjast við tvö til þrjú tungumál á degi hverjum. Þar er líka verk að vinna.

En hvað sem einstökum skólaverkefnum líður og starfi kennara þá þurfa yfirvöld menntamála að taka sig á. Greina þarf vandann betur en gert hefur verið og finna út hvar veikustu hlekkirnir eru. Fyrr verður ekki hægt að snúa þessari þróun við.

Við viljum ekki verða illa læs þjóð.

GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Líf komið í Arnarbakkann

- verslunarmiðstöðin hefur fengið nýtt hlutverk

Gamla verslunarmiðstöðin við Arnarbakka í Breiðholti hefur fengið nýtt hlutverk. Arnarbakkinn eins og húsið er nefnt í daglegu tali var tekið í notkun með formlegum hætti eftir lagfæringar 29. nóvember sl. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri í Breiðholti ávörpuðu gestu og boðið var upp á kaffi, kakó og með því.

Á síðasta ári festi Reykjavíkurborg kaup á fasteignum í tveimur hverfiskjörnum í Breiðholti. Annar þeirra er við Arnarbakka 2 til 6. Borgarráð samþykkti í lok síðasta árs að auglýsa eftir hugmyndum að starfsemi til bráðabirgða í því húsnæði sem væri að losna með sérstakri áherslu á samfélagsleg verkefni sem yrðu opin almenningi. Samþykkt var í borgarráði þann 7. febrúar að hefja viðræður við nokkra hópa um tímabundna leigu á þessu húsnæði til þess að húsnæðið stæði ekki autt og ónotað á meðan skipulagsvinna stendur yfir en verið er að vinna að deiliskipulagi fyrir þetta svæði.

Klippt á borðann. Þarna eru aðilar sem hafa aðstöðu í Arnarbakkanum ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.

Nichol Light Mosty sem hefur haft veg og vanda af Arnarbakkaverkefninu og Helga Ingibjörg Kristjánsdóttir sem er íbúi í Seljahverfi.

Karlar í skúrnum og fleiri skemmtileg viðfangsefni

Í Arnarbakka 2 eru Rauði kross Íslands með verkefnið Karlar í skúrum. Verkefnið er unnið með það að markmiði að skapa aðstæður þar sem heilsa og vellíðan karla er í fyrirrúmi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar með SmiRey sem er smíðastofa fyrir einhverfa karla. SmíRey framleiðir leikföng fyrir börn á leikskóla aldri, einnig ýmsa skrautmuni og tækifærisgjafir. Hársnyrtistofan Arnarbakka heldur áfram með starfsemi sína. Hópur handverksmanna og trérennismiða eru nú í Arnarbakkanum. Þeir eru átta sem stendur og þar af eru fimm meðlimir með kennsluréttindi á öllum kennslustigum nema leikskóla. Óli Gneisti Sóleyjarson bókasafnafræðingur er með aðstöðu fyrir spilaútgáfu sína í gömlu fiskbúðinni. Þá má geta þess að Hjólakraftur er einn þeirra aðila sem hafa fengið á leigu húsnæði við Arnarbakka. Í aðstöðunni hjá Hjólakrafti hittast hópar amk 10 sinnum í viku til þess að hjóla um nágrennið, en einnig er þar önnur starfsemi. Til að mynda heldur PEERS námskeið í félagsfærni þarna tvo daga í viku. Þar koma bæði krakkar og foreldrar á námskeið.



Hefurðu nýtt þér Frístundakortið 2019?

Is the Leisure Activities Card for 2019 still unused?

Czy twoja karta rekreacyjna na rok 2019 jest wciąż niewykorzystana?

Frístundakortið er 50.000 króna styrkur fyrir hvert barn á árinu 2019.
The Leisure Activities Card is a ISK 50,000 grant for each child for the year 2019.
La Tarjeta de Ocio es una subvención de 50.000 ISK para cada niño en el año 2019.
Karta rekreacyjna to w 2019 r. dotacja w wysokości 50 000 ISK na każde dziecko.
Thẻ giải trí là khoản trợ cấp 50.000 krónur cho mỗi trẻ em năm 2019.
Laisvalaikio užimtumo kortelė yra 50.000 kronų parama kiekvienam vaikui 2019 m.
Карта досуга - это пособие в размере 50 000 крон,
выделяемое на каждого ребенка в 2019 году.
บัตรนันทนาการมีมูลค่า 50,000 โครนน่า ต่อเด็กแต่ละคนในปี 2019

Nánari upplýsingar
More about the Leisure Activities Card
Dokładniejsze informacje o karcie rekreacyjnej

www.fristundakort.is

Helgihald aðventu og jóla í Breiðholtinu

Fella- og Hólakirkja

15. desember
- þriðji sunnudagur í aðventu
Jólaskemmtun sunnudagaskólans kl. 11.
Sunnudagaskólanum lýkur með jólaballi. Við syngjum saman, dönsum í kringum jólatréð og að lokum fá allir lítinn glaðning.
Allir velkomnir!

22. desember
- fjórði sunnudagur í aðventu.
Jólasöngvar við kertaljós kl.11.
Jólahelgistund á aðventu, sungin verða ljúf og falleg jólalög. Notaleg stund í kirkjunni. Kór Fella-og Hólakirkju flytur fjölbreytta dagskrá í anda jólanna.
Sr. Jón Ómar Gunnarsson leiðir stundina.

Aðfangadagur jóla 24. desember
Aftansöngur kl. 18.
Sr. Guðmundur Karl Ágústsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur. Inga J. Backman syngur einsöng og Reynir Þormar spilar á saxófón.

Miðnæturmessa kl. 23:30.
Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og prédikar. Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir leiðir söng.

Jóladagur 25. desember
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur og Garðar Eggertsson syngur einsöng.

Gamlársdagur 31. desember
Aftansöngur kl. 18.
Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur. Gyrðir Viktorsson syngur einsöng og Reynir Þormar spilar á saxafón.

Nýársdagur 1. janúar 2020
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sr. Guðmundu Karl Ágústsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur og Hulda Jónsdóttir syngur einsöng.

Organisti við guðsþjónusturnar er Arnhildur Valgarðsdóttir.

Breiðholtskirkja

15. desember
- þriðji sunnudagur í aðventu
Jólatré fjölskyldunnar - Breiðholtskirkja og Alþjóðlegi söfnuðurinn kl. 11
Jólasálmarnir sungnir og gengið í kringum jólatréð. Jólasveinar koma í heimsókn.

Alþjóðlegi söfnuðurinn í Breiðholtskirkju, bæna- og lofgjörðarstund á ensku kl. 14.
Prestur sr. Toshiki Toma.

Aðfangadagur jóla 24. desember
Aftansöngur kl. 18.
Prestur sr. Magnús Björn Björnsson.
Kór Breiðholtskirkju syngur.
Sönghópurinn okkar syngur undir stjórn Bjargar Pétursdóttur.

Jóladagur 25. desember
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Prestur sr. Magnús Björn Björnsson og kór Breiðholtskirkju syngur.

Annar jóladagur 26. desember
Jólaguðsþjónusta Alþjóðlega safnaðarins á ensku kl. 14.
Prestur sr.Toshiki Toma.

Gamlársdagur 31. desember
Aftansöngur kl. 18.
Prestur sr. Magnús Björn Björnsson og kór Breiðholtskirkju syngur.
Organisti við guðsþjónusturnar er Örn Magnússon.

The International Congregation in Breiðholtskirkja –
Advent and Christmas 2019
December 15th – Third Sunday in Advent
11:00 The Christmas tree.
Family amusements for the International Congregation and the Local Congregation in Breiðholtskirkja. The events of the first Christmas. Dancing around the Christmas Tree and a visit from Santa Claus.

14:00 Prayer and worship service.
Pastor: Rev. Toshiki Toma.

December 26th – Second day of Christmas
14:00 Christmas Prayer and worship service.
Pastor: Rev. Toshiki Toma.

Seljakirkja

15. desember
- þriðji sunnudagur í aðventu.
Sunnudagaskóli kl. 11
Jólaball í safnaðarsalnum, jólasveinar koma í heimsókn

Guðsþjónusta kl. 14.
Prestur sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson.
Kór Seljakirkju syngur.

Aðventutónleikar Karlakórsins Fóstbræðra kl. 17.
Stjórnandi: Árni Harðarson.
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir syngur einsöng, undirleik annast Tómas Guðni Eggertsson.
Ókeypis aðgangur.

22. desember fjórði sunnudagur í aðventu.
Guðsþjónusta kl. 14 – uppáhalds jólasálmarnir.
Prestur sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson.
Kór Seljakirkju leiðir söng uppáhalds aðventu og jólasálma kirkjugesta

Aðfangadagur jóla 24. desember
Guðsþjónusta í Seljahlíð kl. 11.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson þjónar og félagar úr Gerðubergskórnum syngja.

Beðið eftir jólunum kl. 15.
Jólastund fyrir börnin.
Barnakór Seljakirkju syngur undir stjórn Rósalindar Gísladóttur.

Aftansöngur kl. 18.
Prestur sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson, Schola cantorum syngur, leikin verður jólatónlist frá kl. 17:30.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30.
Prestur sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson.
Kór Seljakirkju syngur og Ólafur Kjartan Sigurðarson syngur einsöng.

Jóladagur 25. desember
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Prestur sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson, Kór Seljakirkju syngur.
Guðsþjónusta í Skógarbæ kl. 15:30.

Gamlársdagur 31. desember
Aftansöngur kl. 17 – ath. breyttan tíma
Prestur sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson.
Kór Seljakirkju syngur.

Nýársdagur 1. janúar 2020
Messa með altarisgöngu kl. 14.
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar og þjónar fyrir altari, Kór Seljakirkju syngur.
Guðsþjónusta í Skógarbæ kl. 15:30.

Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson.

VIÐTALIÐ

Urðum ástfangin af Seljahverfinu

- segir Elínrós Benediktsdóttir skólastjóri í Ölduselsskóla

"Við urðum ástfangin af Seljahverfinu. Vorum að safna fyrir stærri íbúð í öðru hverfi en enduðum á að kaupa okkur blokkaríbúð í Dalseli," segir Elínrós Benediktsdóttir skólastjóri í Ölduselsskóla í spjalli við Breiðholtablaðið. Elínrós tók við stjórn Ölduselsskóla á liðnu sumri en hafði þá verið aðstoðarskólastjóri í einn vetur en viðloðandi kennslu í Breiðholti í 17 ár. Hún hóf kennslustörf í Ölduselsskóla haustið 2002 og hefur unnið þar síðan en þó með einhverjum hléum vegna barneigna og náms. Breiðholtsblaðið settist niður með Elínrós einn dimman desembermorgun og talið barst fyrst að nafninu hennar sem er nokkuð óvenjulegt. Samsett úr Elínu og Rós.

"Ég er fædd og uppalin í Keflavík og heiti eftir afasystur minni sem hét Elínrós Benediktsdóttir og var ljósmóðir þar í bæ. Ég er því alnafna hennar. Ég ólst upp með móður minni og tveimur systkinum. Tónlist átti huga minn sem barn og unglingur. Ég lærði á ýmis hljóðfæri en endaði svo á að læra sjálf á gítar. Ég hef alltaf haft gaman af að grípa í hann og spila og syngja og nú er dóttir mín sem er fædd árið 2001 komin í sama farið." Elínrós elti ástina til Reykjavíkur eins og hún kemst að orði. "Ég átti kærasta sem síðar varð maðurinn minn og hann bjó á þeim tíma í Reykjavík. Við giftum okkur og hófum að búa. Maðurinn minn heitir Matthías Pétur Einarsson og er viðskiptafræðingur. Við bjuggum fyrst í 108 – í Smáíbúðahverfinu eins og það var kallað. Afi og amma Matta áttu hús þar og við leigðum risíbúðina þeirra. Við höfðum þó fljótt huga á að komast í stærra og rúmbetra húsnæði. Við leigðum stærri íbúð í sama hverfi í eitt ár en vorum ákveðin í að eignast okkar eigið húsnæði. Við byrjuðum að leita fyrir okkur í sama hverfi. Okkur fannst gott að búa þar. En við urðum þess fljótt áskynja að þetta var dýrt hverfi. Í Breiðholtinu gat maður fundið stærri íbúðir og nýrri en á betra verði en í öðrum hverfum. Við ákváðum því að skoða íbúðir þar.

Elínrós ásamt fjölskyldu sinni á ferðalagi á Írlandi. Á myndinni: Sandra Júlía Matthíasdóttir, Elínrós Benediktsdóttir, Hákon Dagur Matthíasson og Matthías Pétur Einarsson.

Þessi leit okkar endaði með því að við festum kaup á íbúð í Dalseli, sem hentaði okkur ágætlega og kostaði einungis 7,5 milljónir. Þetta var góð um 90 fermetra, þriggja herbergja íbúð með mjög góðu útsýni vestur og norður um Reykjavík. Það var gaman að halda gamlárskvöld hjá okkur og fylgjast með flugeldunum. Við eignuðumst annað barn 2005 sem fljótlega fór að kalla eftir rýmra húsnæði sem endaði með því að við hófum leit að nýju. Upphaflega planið okkar var að búa í Breiðholtinu í fimm ár á meðan við værum að safna fyrir öðru húsnæði en eftir að hafa búið hér í þessi ár þá viljum við hvergi annarsstaðar vera. Við keyptum því parhús í Kleifarseli."

Seljahverfið minnir á umhverfið þar sem ég ólst upp

„Okkur fannst gott að búa í Seljahverfinu og vorum orðin ástfangin af því eftir veruna í Dalselinu. Hér var og er allt til alls. Seljahverfið minnir mig líka á umhverfið þar sem ég ólst upp. Ég var vön því í Keflavík að þekkja fólkið sem bjó í nágrenninu. Maður kynntist nágrönnum sínum og þetta er eins hér í Seljahverfinu. Við höfum kynnst fólki bæði í gegnum börnin okkar og einnig eftir öðrum leiðum. Strákurinn okkar er til dæmis í fótbolta hjá ÍR og dóttirin var í handbolta hjá ÍR. Einnig finnst okkur mikilvægt að taka þátt í sjálfboðastarfi bæði hjá íþróttafélaginu og skólanum. Með því að gera það kynnist maður fólki og tekur þátt í uppbyggilegu starfi fyrir börnin í hverfinu. Ég veit ekki hvort ég á að kalla þetta smábæjarbrag. Það verða kannski ekki allir sáttir við það en hin félagslegu samskipti sem eiga sér stað minna oft á samfélög þar sem íbúar eru færri. Dæmi um þetta er sumardagurinn fyrsti. Þá safnaðist fólk saman við hverfa búðina og þaðan gengu allir í skrúðgöngu niður að tjörninni fyrir neðan Seljahlíð þar sem skátarnir sáu um ýmis gamanatriði. Þorrablót ÍR er líka annað ágætt dæmi. Ég hugsa að megi kalla það „þorrablót ársins". Þorrablótið byrjar með að fólk hittist í heimahúsum og labbar síðan niður að ÍR þar sem allir koma saman, borða góðan mat, skemmtir sér og dansar. Ég þekki þessi samskipti líka úr götunni þar sem ég bý í Kleifarselinu. Konurnar í götunni eru búnar að stofna saumaklúbb og það er dásamlegt. Við þekkjumst allar, komum saman, spjöllum, skiptumst á sögum og hlæjum. Í mínum huga er mikilvægt að við sem búum í hverfinu vitum af hvort öðru. Samskiptin í hverfinu gefa lífinu lit."

Foreldrastarfið er mikilvægt

„Ég er líka búin að vera tengd Ölduselsskóla, þó með hléum, frá því að ég kom í Breiðholtið. Eitt af því sem mér finnst mikilvægt í skólamálunum er foreldrastarfið. Skólarnir og foreldrafélögin í Breiðholti eru í sameiningu að huga að því að byggja samfélagið upp. Verkefnið um „skjátíma" barna er nýjasta dæmið um árangur af þessu starfi. Foreldraröltið er annað dæmi sem búið er að vera í nokkur ár. Við erum nú að horfa á læsi og nauðsyn þess að hvert barn nái góðum tökum á lestri og öðlaðist nægjanlegan lesskilning. Við erum líka heppin að því leyti að starfa í skólum þar sem

Það eru allir brjálaðir í Vestfjarðabækurnar
þó það séu ekki glæpasögur!

Fást í bókaverslunum
um land allt.

Vestfirska forlagið
Upp með Vestfirði!

fjölbreytni er mikil. Í Breiðholti búa fjölskyldur af ýmsum uppruna. Ættaðar úr mismunandi menningarsamfélögum og talandi mörg og mismunandi tungumál. Við búum við fjölmenningu. Við þurfum að taka vel á móti börnum sem eru að flytja til landsins eða nýlega flutt hingað og tala bara sitt móðurmál. Það skiptir engu hvert það tungumál er. Við þurfum að vera vel undirbúin. Við þurfum að gera áætlun um hvernig við ætlum að gera þetta sem best. Þetta eru áskoranir. Hér fjölgar fólki stöðugt sem er tvítyngt eða jafnvel með þrjú tungumál því flest börn komast í kynni við ensku auk móðurmálsins og íslenskunnar. Það þarf að auka orðaforða barna og þjálfa þau í að nota tungumálið á sem fjölbreyttastan hátt. Bæði þau börn sem eru að læra íslensku sem annað móðurmál og einnig þau sem hafa íslenskuna að móðurmáli. Skólarnir í Breiðholti eru með mikið samstarf sín á milli og þetta er eitt af þeim sviðum sem mikið er rætt um og reynum við að læra hvert af öðru. Það þurfa ekki allir að finna upp hjólið. En ég þreytist ekki á því að hrósa foreldrafélögunum hér í Breiðholti. Þau leggja svo sannarlega sitt af mörkum til skólasamfélagsins. Virkir bekkjarfulltrúar eru í hverjum árgangi sem leitast við að þjappa hópnum saman og efla vináttu og virðingu. Þau skipuleggja ýmsa viðburði þar sem bæði nemendur og foreldrar taka þátt og sjá um stefnumótun. Gott dæmi um það er "símalaus skóli". Ölduselsskóli var fyrsti skólinn í Reykjavík til að verða símalaus. Starfsfólk, nemendur og foreldrar komu að þessu verkefni. Markmið með verkefninu var til dæmis að minnka skjátíma barna og auka samskipti á milli nemenda og þar með félagsfærni þeirra. Stuðningur og hvatning foreldra í þessari stefnubreytingu var ómetanleg."

Amma gerðist Bahá'íi

Elínrós hefur ekki farið að öllu leyti troðnar slóðir. Hún er bahá'í trúar. Trúarbrögð sem eiga uppruna í Íran en hafa breiðst út um allan heim. En hver er ástæðan að hún fór þessa leið í lífinu. „Amma mín í Keflavík var ákaflega leitandi manneskja. Hún íhugaði margt og hafði mikinn áhuga á andlegum málefnum. Hún fór að kynna sér bahá'í trú og gerðist bahá'í. Móðir mín fór síðan þessa leið á eftir henni. Ég er því alin upp við bahá'í trú en gerist bahá'í sjálf 15 ára gömul. Bahá'í trú kennir það að öll trúarbrögð séu komin frá einni og sömu uppsprettunni og að kjarni þeirra sé sá sami. Trúarbrögðin koma fram á mismunandi tíma og kenna okkur mannfólkinu eitthvað nýtt í hvert skipti. Helsta kenning bahá'í trúar er eining. Bahá'u'lláh opinberandi trúarinnar sagði: "Jörðin er aðeins eitt land og mannkynið íbúar þess". Þetta er falleg tilvitnun sem virkilega fær mann til að hugsa um hversu mikilvægt það er að við horfum á mannkynið sem eina heild og að við vinnum saman að uppbyggingu en ekki niðurrifi. Jörðin verður alltaf minni og minni í okkar huga á tækniöld þar sem hægt er að ferðast á milli landa og fylgjast með fréttum. Einstaklingar rísa upp gegn óréttlæti vegna þess að þeir læra af reynslu annarra þjóða. Eins erum við sem mannkyn í miðri umræðu um umhverfismál og hvernig við förum með jörðina og þá reynir á hvernig við vinnum úr þeim málum. En trúarbrögð kenna okkur einnig að maðurinn er bæði sál og líkami. Við virðumst vera meðvituð um að við þurfum að huga að heilsu líkamans en oft á tíðum gleymum við að huga að sálinni. Það er hægt að kalla bænir og hugleiðslu fæðu sálarinnar en einnig er mikilvægt að rækta með sér góðar dyggðir eða gildi sem búa í öllum til dæmis kærleika, umburðarlyndi, heiðarleika og réttlæti. Allir eiga þessar dyggðir en það er mikilvægt að þeir fái tækifæri, hvatningu og aðstoð til að rækta þær með sér. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í þessum efnum en skólinn og samfélagið allt getur lagt sitt af mörkum."

Átján umsóknir um tvær stöður hjá nýrri skóla- og frístundadeild

Átján umsóknir bárust um tvær stjórnunarstöður í nýrri skóla- og frístundadeild hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Deildin hefur það að markmiði að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra og færa hana í auknum mæli inn í skólaumhverfið.

Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Umsækjendur um stöðu deildarstjóra leikskólahluta SFS í Breiðholti voru tíu en einn dró umsókn sína til baka. Þeir eru: Árný Steindóra Steindórsdóttir leikskólastjóri, Elísabet Helga Pálmadóttir þróunarfulltrúi, Guðrún Jóna Thorarensen leikskólastjóri, Gyða Guðmundsdóttir leikskólastjóri, Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir deildarstjóri, Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður, Nichole Leigh Mosty verkefnastjóri, Sara Mist Jóhannsdóttir aðstoðarforstöðumaður og Þórunn Gyða Björnsdóttir leikskólastjóri.

Umsækjendur um stöðu deildarstjóra grunnskólahluta SFS í Breiðholti voru tíu en einn dró umsókn sína til baka: Þeir eru: Ágúst Frímann Jakobsson skólastjóri, Dorota Paulina Feria Escobedo framhaldsskólakennari, Guðrún Hannesdóttir grunn- og framhaldsskólakennari, Róbert Grétar Gunnarsson deildarstjóri, Sara Mist Jóhannsdóttir aðstoðarforstöðumaður, Sesselja Guðrún Guðjónsdóttir deildarstjóri, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir skólastjóri, Valgeir Jens Guðmundsson verkefnastjóri og Þórdís Helga Ólafsdóttir sérkennslufulltrúi.

Stækkunarglerslampar

kr. 29.990,-

kr. 14.990,-

kr. 19.900,-

Vandaðir stækkunarglerslampar í föndur og fína vinnu. Góð birta.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

Smiðja um nýsköpun í skólamálum

Nemendur og kennarar í Breiðholti og víðar að settust á rökstóla í Gerðubergi í skemmtilegri smiðju um samfélagslega nýsköpun, var leitað svara við því hvernig draumaskólinn gæti verið. Markmiðið með smiðjunni sem fór fram undir yfirskriftinni Nemandinn sem leiðtogi er annars vegar að kynna fyrir nemendum skapandi lausnir í námi og hins vegar að skoða hvernig hægt er að skapa í skólanum frjótt lærdómssamfélag þar sem allir eiga jafnan tillögurétt.

Gaman í smiðjunni í Gerðubergi.

Skóla- og frístundasvið og Argyll Centre í Edmonton í Kanada stóðu sameiginlega að þessari tveggja daga smiðju sem haldin var í tengslum við innleiðingu menntastefnunnar Látum draumana rætast. Allir skemmtu sér vel í umræðum og leik í þessari vinnusmiðju þar sem unnið var með kubba, myndir, hreyfingu, orð og skapandi lausnir. Fjölmargar hugmyndir um draumaskólann voru settar fram á fyrsta degi smiðjunnar.

Árangursríkt samstarf foreldrafélaganna

Foreldrafélög grunnskólanna fimm í Breiðholti, Seljaskóla, Hólabrekkuskóla, Fellaskóla, Breiðholtsskóla og Ölduselsskóla, hafa unnið náið saman í mörg ár og hefur samvinnan meðal annars verið tvisvar tilnefnd til hvatningarverðlauna Heimilis og skóla, 2017 fyrir samstarf foreldrafélaga í Breiðholti og 2019 fyrir segul um skjátíma.

Merki foreldrafélaganna í Breiðholti.

Öryggið í fyrirrúmi – notum endurskinsmerki

Samstarf foreldrafélaga í Breiðholti á sér nokkurra ára sögu og hefur reynst vel, það er aðhald og stuðningur fyrir foreldrafélögin og stjórnendur auk þess sem það á sér praktískar hliðar en foreldrafélögin halda sameiginlega fræðslufyrirlestra, og skipta þannig með sér kostnaði. Reglulega funda stjórnir foreldrafélaganna með skólastjórnendum og á þessum fundum gerast góðir hlutir. Seinasta sameiginlega verkefni foreldrafélaganna var að fá gefins endurskinsmerki frá Sjóvá sem dreift var til krakkanna í grunnskólunum. Endurskinsmerki eru gríðarlega mikilvægt öryggistæki og einföld í notkun og í svartasta skammdeginu breyta þau miklu fyrir öryggi gangandi vegfarenda. Við þökkum Sjóvá kærlega fyrir þessa gjöf.

Lestur yfir hátíðirnar

Við minnum einnig á bókaskiptiverkefnið okkar sem gengur glimrandi vel, Bókabrölt í Breiðholti, en fimm hillum var komið fyrir í hverfinu þar sem fólk getur komið með eða skilið eftir bækur. Markmið verkefnisins er að hvetja til lesturs barna og fullorðinna, sem eru lestrarfyrirmyndir barnanna. Verkefnið hefur vakið verðskuldaða athygli og er mikið „bókarennerí“ í hillunum. Hillurnar eru staðsettar í ÍR heimilinu, Mjódd, Seljakjör, Hólagarði og Breiðholtslaug.

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjódd

COCINA RODRIGUEZ

Gerðubergi

S: 354-771-1479

cocinarodriguez@yahoo.com

- Kaffihúsið opið alla daga
- Daglegur matur í hádeginu
- Bruns í hádeginu á laugardögum
- Leigjum sal til veislu- og samkvæmishalda
- Tilvalið fyrir fjölskylduviðburði
- Brúðkaup, fermingar, erfidrykkjur
- Þarf að panta fyrir hópa með viku fyrirvara

GÓÐ ÞJÓNUSTA í Grímsbæ við Bústaðaveg

UMHVERFISVÆNAR
GJAFA- OG NYTJAVÖRUR

VISTVERA

INFO@VISTVERA.IS — VISTVERA.IS

KOMDU Í PIZZU EÐA TAKT'ANA MEÐ HEIM

Eldofninn

PIZZERIA - BÚSTAÐAVEGI - 533 1313

italcaffè

Eldofninn

ÁRSÓL

Snyrtivöruverslun - Snyrtistofa
Sími: 553 1262

HANNYRÐAVERSLUNIN

Sporið

Garn og útsaumur
Mikið úrval
Sími: 581 2360

Krambúðin

Opið virka daga 08:00 til 23:30
Um helgar 09:00 til 23:30

Aðventuhátíð "Fyrir átta" hópsins

„Fyrir átta" sundhópurinn í Breiðholtslaug hélt aðventuhátíð sína 30. nóvember sl. Hópurinn stendur saman af sundgestum sem mæta nánast daglega í laugina og hafa sumir þeirra gert það allt frá opnum hennar.

Sú hefð hefur myndast að á fyrsta laugardegi í aðventu gerir hópurinn sér glaðan dag. Fólkið mætir með léttar veitingar og syngur síðan saman jólalög og fleiri létta söngva. Undirleikari hópsins er Kristinn Kjartansson harmoníkuleikari og forsöngvarar eru Birgir Ottósson og Elvar Þór Steinarsson.

Elvar Þór Steinarsson ásamt konu sinni Carolyn Lindu Jeans.

Nokkrir gestir á aðventuhátíðinni í góðu stuði.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Heiti potturinn

Sjóður fyrir opið félagsstarf í Breiðholti

Heiti potturinn er fyrir verkefni sem fela í sér nýsköpun og nýbreytni í félagsstarfi í Breiðholti.
Sjóðurinn styrkir einnig eflingu og þróun á verkefnum sem þegar eru í gangi.

Markmið sjóðsins eru:

Að auka þátttöku og virkni í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
Að auka hlut íþróttaiðkunar og hreyfingar í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
Að efla fræðslu og miðlun upplýsinga í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
Að rækta félagsauð og auka fjölbreytni í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.

Reglur:

Umsækjendur séu eldri en 18 ára.
Verkefnið hafi aðstöðu í Breiðholti.
Hámarksupphæð styrks er 200.000 krónur.
Sjálfstæðir hópar, félög eða einstaklingar geta fengið styrk úr sjóðnum.
Sjóðurinn styrkir ekki verkefni sem er lokið áður en umsókn er send.

Umsóknareyðublað og aðrar upplýsingar eru á http://reykjavik.is/heitur-pottur

Breiðholt
Valdefling
Samþætting
Framþróun
Reykjavíkurborg

Skila skal umsóknum fyrir 10. jan. 2020 og sendist á:
Félagsmiðstöðin Árskógum v/ Heiti Potturinn
B.t. Anna Bjarnadóttir, Árskógum 4
109 Reykjavík

Nánari uppl. í síma Félagsstarfsins 535-2700
arskogar4 hjá reykjavik.is

Jóla-frímó í Ölduselsskóla

Á þessu skólaári heldur Ölduselsskóli upp á 45 ára afmæli. Afmælisteymi er að störfum í skólanum og hefur það skipulagt ýmsa viðburði það sem af er skóla og mun halda áfram fram á vor. Í síðustu viku voru jóla frímínútur.

Allir nemendur og starfsfólk skólans komu saman úti á skólalóð þar sem boðið var upp á heitt kakó, kleinur og piparkökur, jólatónlist var spiluð, sungið saman og kveiktur var varðeldur. Það var mikil gleði á meðal nemenda og starfsfólks og voru veðurguðirnir með okkur í liði. Á meðan á frímínútunum stóð var hvítt yfir öllu og nánast algert logn. Framtakið tókst svo vel að það er aldrei að vita nema að hér eftir verði Jóla-frímó að hefð í Ölduselsskóla.

Nemendur og starfsfólk fengu sér kakó, kleinur og piparkökur á skólalóðinni í tilefni af komu jólanna og 45 ára afmælis skólans.

VELKOMIN Í MJÓDDINA

HJÁ DÓRA

Heitur matur
í hádegi og á kvöldin

Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.

Gullsmiðurinn í Mjódd
Sími: 567 3550

Við erum með
smákökurnar fyrir jólin

Bakarameistarinn

EFNALAUGIN BJÖRG
MJÓDD
Stofnað 1953

Öll lyf á
lágmarksverði
og samheitalyf
líka!

Lyfjaval APÓTEK

STÍGVÉLABÚÐIN
NOKIAN FOOTWEAR

Álfabakka 14a
Sími: 527 1519

nettó 24
Opið allan sólarhringinn
í Nettó Mjódd
Lægra verð - léttari innkaup

Kortaveski með skannvörn

C-Secure RIFID kortaveski með Ítölsku leðri tekur 5 til 7 kort.

Módjó
Mjódd • S: 571 3411
www.facebook.com/Módjó-Verslun

Við vonumst eftir að sjá sem flest ungmenni í OKinu

- segir Guðrún Baldvinsdóttir verkefnastjóri hjá Borgarbókasafni

Um 100 ungmenni komu saman í Gerðubergi þegar OKið var opnað. Okið er stórt og metnaðarfullt rými sem eingöngu er ætlað fyrir ungmenni. OKið er á vegum Borgarbókasafnsins sem hlaut 18 milljónir króna úr Barnamenningarsjóði til verksins sem unnið er að norrænni fyrirmynd. Í OKinu er rými fyrir ungmenni til að eiga samveru. Þar er hægt að sinna ýmsum áhugamálum, læra, skapa og fikta svo dæma sé getið auk þess einfaldlega að hanga. Rýmið er eingöngu ætlað ungmennum og er lokað fullorðnum og yngri börnum. Mikið stuð var þegar OKið var opnað að sögn Guðrúnar Baldvinsdóttur verkefnastjóra bókmennta. Boðið var upp á fríar pizzur og hamborgara og GDRN kom og skemmti með söng.

Fullt af krökkum notfærðu sér aðstöðuna í OKinu á opnunardaginn.

Svo er einfaldlega hægt að hanga í Okinu.

Guðrún segir að þessi starfsemi sé einkum byggð á grunni stafrænnar skáldsögu sem heitir Norður og er komin út í íslenskri þýðingu. Sagan byggir á norrænni goðafræði og höfundar hennar eru Camilla Hübbe og Rasmus Maisler. Sagan fjallar um stúlkuna Norður og notfæra höfundarnir sér sameiginlegan menningararf Norðurlandanna. Guðrún segir að í sögunni sé tekist á við stórar spurningar og áskoranir sem blasa við ungmennum í dag, þar á meðal hlýnun af mannavöldum og áhrifin á lífríki jarðar og framtíð. Þá takist sögupersónan einnig á við sjálfa sig og og fari í gegnum þroskaferli sem sé mjög krefjandi um leið og henni er ætlað að bjarga heiminum. Í bókarkynningu sem lesa má á vef Borgarbókasafnsins segir að skáldsagan fjalli um unglingsstelpuna Norður sem elst upp í Danmörku ásamt móður sinni. Undarlegar breytingar eiga sér stað í umhverfinu og brátt er Norður lögð af stað í hættuför niður í Niflheim ásamt íkornanum Ratatoski með aðstoð örlaganornanna Urðar, Verðandi og Skuldar. Á meðan bruggar athafnamaðurinn Sigur launráð á hálendi Íslands og hyggst nýta sjaldgæfa steintegund til að komast út í geim. Á þann hátt nýtir höfundar bókarinnar norrænan menningararf til að fjalla um samskipti manns og náttúru og undir spennandi fantasíu liggja áleitnar spurningar um stöðu okkar gagnvart jörðinni.

Í góðum samskiptum við Fellaskóla

Guðrún segir að höfundar sögunnar þau Camilla og Rasmus hafi komið hingað til lands meðan á undirbúningi að OKinu stóð. Þau hafi meðal annars farið í heimsókn í Fellaskóla en Borgarbókasafnið er í góðum samskiptum við skólann. Fengin hafi verið bekkur í Fellaskóla í heimsókn þegar verkefnið var á byrjunarstigi og þau spurð um hvað þau vildu gera. ”Við erum í samstarfi við kennara og bíðum nú spennt eftir hvort þeir muni koma með bekkina sína í heimsókn.” Guðrún segir ástæðuna fyrir því að neðri aldursmörk hafi veri sett þau að yngri krakkar hafi tilhneigingu til þess að taka rými yfir. Guðrún segir einnig að margar bækur séu til staðar í OKinu. Engin skylda sé þó til lesturs en mörg ungmenni hafi verið að skoða þær á kynningardaginn. Guðrún segir nauðsynlegt að ef eigi að prufa nýjungar þá verði að þreifa sig áfram og finna út hvað henti.

Vonast eftir að sjá sem flest ungmenni

Nú er byggt á norrænni fræði og bókin er danskrar ættar. Kemur danska eitthvað inn í myndina tungumál sem að því er virðist færri og færri ungmenni tileinka sér. “Við erum að vinna með dönskukennurum og vinnan fer mikið eftir kennurunum sjálfum. Við erum einnig í samstarfi við danska sendiráðið. Við verðum bara að sjá hvernig þetta starf þróast en fyrstu vonir lofa góðu. Þetta er líka mjög jákvætt fyrir Menningarhúsið. Hér er mikið starf á morgnanna og fyrir hádegi en dregur úr því þegar líður á daginn. Þá er tilvalið að fá ungmennin hingað til að notfæra sér þá aðstöðu sem OKið býður upp á. Ég vonast til að eiga eftir að sjá sem flest ungmenni koma hingað og notfæra sér það við höfum upp á að bjóða,” segir Guðrún Baldvinsdóttir verkefnastjóri.

Hólabrekkuskóli

Skólatengslaverkefnið heldur áfram

Skólatengslaverkefnið í Hólabrekkuskóla heldur áfram og er þetta annað árið sem skimun er lögð fyrir nemendur skóla. Markmiðið er að efla tengsl nemenda innan skólans en fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að skólatengsl eru mikilvæg. Tengsl nemenda og kennara eru t.d. talin forsenda námsárangurs og grundvöllur að styðjandi og jákvæðum skólabrag. Lögð var fyrir skimun í 5., 6., 8. og 9. bekk í nóvember og unnið úr henni með sérfræðingum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

Hólabrekkuskóli fékk heimsókn frá Kanada vikuna 11. til 15. nóvember en þá komu 11 nemendur til að kynnast nemendum og skólastarfinu á Íslandi. Nemendurnir gistu heima hjá nemendum Hólabrekkuskóla og fylgdu þeim eftir í kennslustundir ásamt því að sinna fleiru tengdu skólastarfi.

Sameiginlegur starfsdagur

Sameiginlegur samstarfsdagur grunnskólanna fimm í Breiðholti var haldinn 4. október 2019. Samstarfsdagurinn er liður í að efla samstarfið með sameiginlegri sýn á fagleg vinnubrögð og að miðla markvisst færni og þekkingu á milli skólanna nemendum til góða. Þá var samstarfsyfirlýsing skólanna endurnýjuð og einnig var skrifað undir samstarfsyfirlýsingu við Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir (SÍSL) þar sem skólarnir fimm skuldbinda sig til að kenna lestur í skólunum eftir gagnreyndum aðferðum (K-PALS og PALS) sem vitað er að skila árangri.

Nýtt fyrirkomulega foreldraviðtala

Sameiginlegur fundur foreldrafélaga grunnskólanna, skólastjórnenda og grenndarsamfélagsins í Breiðholti var haldinn í Hólabrekkuskóla 10. október sl. Meðal annars kom samfélagslögreglan í heimsókn og kynnti störf sín en hún stefnir á að vera sýnileg í skólunum og heimsækja unglingana markvisst til að efla tengsl og vinna að forvörnum. Nýtt fyrirkomulag var í kringum nemenda- og foreldrasamtölin í ár og gafst það vel. Samtölin voru lengri og nýtt form var notað sem tengdi saman markmiðssetningu nemenda og nýju menntastefnuna „Látum draumana rætast“.

Athyglin beinist greinilega að einhverju áhugaverðu.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!
3ja ára ábyrgð
JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Verið velkomin á Gamla kaffihúsið

Gjafabréf

...er tilvalin jólagjöf, þannig getur þú gefið þínum nánustu notalega kvöldstund hvenær sem þeim hentar.

Opnunartími í Desember

Virka daga frá 11:30 til 21:00
Laugardaga frá 12:00 til 21:00
Sunnudaga frá 12:00 til 20:30

Lokað
24, 25, 26. og 31. desember
sem og 1. janúar

Matseðill

Kjúklingasalat 2100,-
Salat með hvítlauksbrauði og hunangssinnepsósu.

Laxasalat 2100,-
Salat með reyktum laxi, hvítlauksbrauði og hunangssinnepssósu.

Piri piri Kjúklingur 2480,-
Með steiktu grænmeti, sveitakartöflum og hvítlaukssósu.

Nautasteik 2990,-
Með bakaðri kartöflu, steiktu grænmeti og béarnaisesósu

Eðalbrauð 1440,-
- Með kjúklingi, salati, rauðlauk og hunangssinnepssósu.
- Með reyktum laxi, salati, rauðlauk og piparrótasósu.
- Með parmaskinku, salati, rauðlauk og hvítlaukssósu.

GAMLA KAFFIHÚSIÐ

Drafnarfell 18, 111 Reykjavík. Sími 511-1180. Nánari upplýsingar á gamlakaffihusid.is.

Hjá Ynju Glæsibæ færðu fallegan náttfatnað og undirfatnað í miklu úrvali

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álfheimar 74 - S. 544 4088 - www.ynja.is

Fimmhundruðasta prjónakaffið í Gerðubergi

- nú er tækifæri fyrir karla að koma og prjóna

Haldið var upp á í Gerðubergi á dögunum að konur mættu í fimmhundruðasta prónakaffið. Prjónakaffið í Gerðubergi er opið fyrir fólk á öllum aldri alla föstudaga kl. 10 til 12 en þar er einstakt tækifæri til að hitta fólk og spjalla óháð því hvort maður hefur áhuga á prjónaskap, útsaumi eða einfaldlega góðum félagsskap. Telja má fullvíst að prjónakaffið sé vinsælasta viðfangsefni félagsstarfsins í Gerðubergi frá upphafi. Aðeins einu sinni hefur karlmaður mætt í kaffið með prjóna. Það var Stefán Eiríksson sem þá var lögreglustjóri í Reykjavík en starfar nú sem borgarritari hjá Reykjavíkurborg.

Ágústa Hjálmtýsdóttir er upphafskona prjónakaffisins. Hún segist hafa fengið fyrirmyndina á Akureyri þegar hún rakst á hóp kvenna í prjónakaffi í kaffihúsi í verslum Eymundsson á Kaupfélagshorninu þar í bæ.. Í kjölfarið setti hún sig í samband við Guðrúnu Jónsdóttir sem þá var í forsvari félagsstarfsins í Gerðubergi. Guðrún tók vel í hugmyndina og í september 2007 var fyrsta prjónakaffið haldið. En hvernig hefur gengið? Við höfum aldrei þurft að aflýsa prjónakaffi, konur úr öllum hverfum borgarinnar eru að mæta sem og úr nágrannasveitarfélögunum Kópavogi og Hafnarfirði og jafnvel úr Hveragerði. Við deilum uppskriftum og aðstoðum hver aðra segir Ágústa. Fram kom hjá Ágústu að körlum er velkomið að vera með og ekki ætti að væsa um þá í þessum góða félagsskap innan um allt að 60 konur sem að jafnaði sækja prjónakaffið. Að þessu sinni bar prjónakaffið upp á sama tíma og Karlamorgun í Fella- og Hólakirkju og að umræðum þar loknum streymdu karlar yfir í Gerðuberg. Sumir til að ná í konur sínar og aðrir til þess að fá sér kaffi. Einum þeirra varð að orði að betri veitingar væru í prjónakaffinu en vandað hafði verið til þeirra vegna 500 asta prjónakaffisins. “En nú er tækifæri fyrir karla að koma í prjónakaffi sem aldrei fyrr,” segir Ágústa. “Stefán fór létt með þetta á sinum tíma og auðséð að hann hafði gripið í prjóna áður.”

Kaffi og prjónar á borðum og gleðin við völd.

Ágústa Hjálmtýsdóttir til hægri með blómvönd og Helga Ben verkefnisstjóri í félagsstarfinu í Gerðubergi.

Breiðholtsblaðið

Óskum Breiðholtsbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Ný og bætt flöskumóttaka í Breiðholti

Við bjóðum viðskiptavini velkomna í nýja og endurbætta flöskumóttöku hjá SORPU Jafnaseli.

Hraðvirk talningavél er á staðnum og tekur hún á móti heilum drykkjarumbúðum.

Ekki er tekið á móti beygluðum umbúðum í Jafnaseli en hægt er að skila þeim til móttökustöðva Endurvinnslunnar á Dalvegi, Knarrarvogi eða í Skútahrauni.

Félagsmiðstöðvadagurinn í Breiðholti

Félagsmiðstöðvadagurinn var haldinn með pompi og prakt miðvikudaginn 13. nóvember síðastliðinn. Allar félagsmiðstöðvarnar fjórar í Breiðholti, Bakkinn, Hellirinn, Hólmasel og Hundraðogellefu buðu börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra að líta við og kynna sér enn betur það góða starf sem þar fer fram.

Boðið var upp á léttar veitingar, pizzur, pylsur, kökur og ýmislegt fleira. Þá var spilað Bingó sem vekur alltaf mikla lukku hjá ungum jafnt sem öldnum og voru veglegir vinningar í boði sem juku enn á ánægju bingóspilara.

Mætingin í ár var hreint út sagt frábær, aldrei hafa jafn margir lagt leið sína í félagsmiðstöðvarnar á þessum degi sem haldinn er árlega um allt land. Starfsfólk félagsmiðstöðvanna var í skýjunum með hversu margir sáu sér fært að mæta, gleðjast með okkur og gera sér glaðan dag.

Frá félagsmiðstöðvadeginum.

Breiðholtsblaðið www.borgarblod.is

NÁMSKEIÐ VOR 2020
FYRIR 6-12 ÁRA
Í MIÐBERGI
SKRÁNING ER HAFIN - MIR.IS
MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
www.breiðholt.is

SKATA!
ÞÚ FÆRÐ SKÖTUNA, SALTFISKINN, HUMARINN,
LAXINN, HÁTÍÐARSÍLDINA FRÁ HÖFÐA
OG RÆKJURNAR HJÁ OKKUR.
FISKBÚÐ HÓLMGEIRS
MJÓDD
Opnunartími:
Mán - fimmtudaga kl. 9-18:30 • Föstudaga kl. 9-18:00
Laugardaginn 21. des kl. 9-15 • Sunnudaginn 22. des kl. 9-14

JÓGAGJAFIR & VELLÍÐAN

Jógadýnur úr korki eru framtíðin. Frábær gæði.

Hugleiðslupúðar og mottur. Einstök fegurð.

Möntrubollar, kristalsvatnsflöskur og korkbrúsar.

Nailberry naglalökk. Eiturefnalaus og vegan.

Möntrubönd og -hringir. Mikið úrval.

Lífrænn jógasamfestingur er sígildur.

Wild Grace húðlínan er ný og mögnuð.

Við heiðrum Flothettuna.

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

ATH. Lengri afgreiðslutímar í desember. Fylgstu með á facebook.

Bráðum koma blessuð jólin

- jóladagskrá Árbæjarsafns 15. og 22. desember

Bráðum koma blessuð jólin er yfirskrift jóladagskrár sem boðið verður upp á í Árbæjarsafni sunnudagana 15. og 22. des. n.k. Jóladagskráin er mörgum ómissandi hluti aðventunnar í borginni enda leitun að stað sem er eins notalegt og skemmtilegt að heimsækja á þessum tíma árs.

Dagskráin er á öllu safnsvæðinu og geta ungir sem aldnir rölt á milli húsanna og fylgst með undirbúningi jólanna eins og hann var hér áður fyrr. Hrekkjóttir jólasveinar gægjast á glugga og kíkja í potta. Börn og fullorðnir dansa í kringum jólatréð á torginu og syngja vinsæl jólalög.

Jólasveinar á ferð með krökkum um Árbæjarsafn. Í jóladagskrá safnsins er saga liðinna ára og áratuga rifjuð upp á margan hátt.

Margt í boði

Húsin á Árbæjarsafni bera upprunaleg og skemmtileg nöfn. Í Árbænum sitja fullorðnir og börn með vasahnífa og skera út laufabrauð en uppi á baðstofulofti er spunnið og prjónað. Í Kornhúsinu búa börn og fullorðnir til fallegt jólaskraut. Í Hábæ er hangikjöt í potti sem gestir fá að bragða á. Í Nýlendu má fylgjast með tréútskurði og í Miðhúsum er hægt að fá prentaða jólakveðju. Í Efstabæ er jólaundirbúningurinn kominn á fullt skrið og skatan komin í pottinn. Í hesthúsinu frá Garðastræti eru búin til tólgarkerti og kóngakerti eins og í gamla daga. Jólahald heldra fólks við upphaf 20. aldar er sýnt í Suðurgötu 7 og í Krambúðinni er kramarhús, konfekt og ýmis jólavarningur til sölu.

Fastir liðir

Fastir liðir eru að kl. 14:00 er guðsþjónusta í safnkirkjunni og klukkustund síðar eða kl. 15.00 verður dansað í kringum jólatréð á torginu og sungin jólalög. Á tímabilinu frá kl. 14:00 til 16:00 skemmta jólasveinar gestum og taka þátt í söng og dansi í kringum jólatréð. Að vanda býður Dillonshús upp á ljúffengar og hefðbundnar jólaveitingar. Aðgangur fyrir 18 ára og eldri kr. 1.700 en börn og öryrkjar fá ókeypis aðgang.

BREYTTUR OPNUNARTÍMI HEILSUGÆSLUNNAR Í EFRA-BREIÐHOLTI

Styttri síðdegisvakt í nóvember og desember

Vegna framkvæmda á biðstofu heilsugæslunnar breytist opnunartíminn hjá okkur næstu mánuði.

Síðdegisvaktin verður frá og með 13 nóvember opin milli 16 og 17 alla virka daga. Við beinum því til skjólstæðinga okkar að koma snemma á vaktina. Einnig er velkomið að leita á dagvaktina milli klukkan 8 og 16.

Aðkoman að heilsugæslunni breytist á sama tíma og verður um starfsmannainnganginn á austurhlið hússins

CHANGE OF OPENING HOURS IN EFRA-BREIÐHOLT PRIMARY HEALTH CLINIC

Shorter afternoon clinics in November and December

Due to continuing improvements at Hraunberg Primary Clinic in coming weeks the waiting area will be closed off completely. During this period our clients will have to access the clinic through the staff entrance facing east.

Afternoon clinic will be open btw 16:00- 17:00 from November 13th and during the construction period or until further notice. We would encourage those coming to the afternoon clinic to turn up early.

Helgi smiður

Annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki.

Gluggar – Gler – Glerlistar – Opnanleg fög
Þakjárn – Þakkantur – Þakrennur – Niðurföll
Sólpallar – Skjólveggir – Girðingar
Skápar – Innréttingar – Parkett – Flísar

Sími: 897 4425

Gamanmál, fróðleikur og fleira frá Hólum

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti gefur út 11 bækur á þessu ári. Fyrst kom út bókin Fimmaurabrandarar, sem Fimmaurabrandarafjelagið stendur á bak við, en næstar voru 2019 og Fótboltaspurningarnar 2019, sem tilheyra afar vinsælum bókaflokkum og bíða margir spenntir eftir þeim á hverju hausti. Munaðarlausa stúlkan, í endursögn Sigurgeirs Jónssonar, er gamalt og fallegt ævintýri þar sem hið góða í mannfólkinu er umbunað í lokin.

Töfra-Tapparnir, eftir Valdísi Ingibjörgu Jónsdóttur talmeinafræðing, er bráðskemmtilegt og fræðandi ævintýri um tvo litla tappa sem kanna þann hljóðaheim sem býr í mannfólkinu. Þeir velta því fyrir sér hvaðan röddin kemur og hvernig sé best að huga að heilsu hennar – nokkuð sem alltof fáir gefa gaum.

Náttúruþankar, eftir feðginin Bjarna E. Guðleifsson, sem lést viku eftir útkomu bókarinnar, og Brynhildi dóttur hans fjallar um ýmis fyrirbæri í náttúrunni og umhverfinu, stór sem smá, og lýsir m.a. áhrifum mannlegra athafna á náttúruna, svo sem gróðureyðingu, vatnsmengun og loftslagsbreytingum.

„Það eru ekki svellin“ eru sögur og sagnir af Borgfirðingum eystri, skráð af Gunnari Finnssyni. Þarna fara fjölmargir á kostum, eins og vænta mátti, enda fólk úr þessu fallega og afskekkta byggðarlagi, Borgarfirði eystri, með eindæmum bráðskemmtilegt.

105 „sannar“ Þingeyskar lygasögur, í samantekt Jóhannesar Sigurjónssonar á Húsavík flytur okkur gamanmál af Þingeyingum, eins og heitið bendir til, og þar eru margir kallaðir til og tilefnin oft og tíðum ótrúleg.

„Hann hefur engu gleymt ... nema textunum!“ eru gamansögur af íslenskum tónlistarmönnum. Guðjón Ingi Eiríksson hefur safnað þeim saman og ekki skortir stórskytturnar. Þar á meðal eru Bjöggi Halldórs, Álftagerðisbræður, Greifarnir, Ljótu hálfvitarnir, Jón Gnarr, Raggi Bjarna, Ingimar Eydal, Raggi sót og Skriðjöklarnir, Rúnar Georgsson og Pétur Kristjánsson svo að örfáir séu nefndir. Og hver skyldi svo sjá um trommuleikinn í hinu vinsæla lagi Hebba Guðmunds, Can´t Walk Away – án þess að hafa hugmynd um það? Svarið er í bókinni og kemur vafalítið á óvart.

Þá má geta um bókina um Gústa guðsmann. Gústi var alþýðuhetja, fiskimaður og kristniboð. Bókin er ævisaga Gústa skráð af Sigurði Ægissyni. Um hana var fjallað í síðasta Breiðholtsblaði.

T&G Tölvur og gögn ehf. PC & Mac
þekking og reynsla
◇ Office 365 þjónusta
◇ Gagnabjörgun og afritun
◇ Umsjón tölvukerfa
◇ Vefsíðugerð og umsjón
◇ Tölvuviðgerðir
◇ Tölvur og jaðarbúnaður

Þarabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

ORÐ HAFA ÁHRIF

Möntru armböndin. Þau einu sönnu.
Sígild í einstökum gjafaumbúðum.
Silfur, gull, rósagull.
Eingöngu í Systrasamlaginu.
Systrasamlagið
Erum á Óðinsgötu 1
Netverslun: systrasamlagid.is

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HÓLAGARÐUR
- Persónuleg þjónusta í vinalegu umhverfi -
ÁLFURINN SPORTBAR
Apótekið – einfalt og ódýrt
KLIPP-ART HÁRGREIÐSLUSTOFAN
Fætur & fegurð HÓLAGARÐI · LÓUHÓLUM 2-4 · SÍMI 557 5959
AfroZone
BÓNUS bjóðum betur
Fiska.is
ESJUGRUND esjugrund@esjugrund.is sími 565 33 22 esjugrund.is
DZIEN DOBRY
Sarin - nuddstofa
FEED THE VIKING
Kjötbúðin

OPNUNARTÍMAR

Í MENNINGARHÚSUM BORGARBÓKASAFNSINS

24. - 26. DESEMBER

ÁRBÆ	GERÐUBERGI	GRÓFINNI	KRINGLUNNI	SÓLHEIMUM	SPÖNGINNI
LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ

27. DESEMBER

ÁRBÆ	GERÐUBERGI	GRÓFINNI	KRINGLUNNI	SÓLHEIMUM	SPÖNGINNI
10 - 19	10 - 19	11 - 18	11 - 18.30	11 - 18	LOKAÐ

28 . DESEMBER

ÁRBÆ	GERÐUBERGI	GRÓFINNI	KRINGLUNNI	SÓLHEIMUM	SPÖNGINNI
LOKAÐ	13 - 16	11 - 17	13 - 17	10 - 15	12 - 16

29. DESEMBER

ÁRBÆ	GERÐUBERGI	GRÓFINNI	KRINGLUNNI	SÓLHEIMUM	SPÖNGINNI
12 -16	13 - 16	11 - 17	13 - 17	LOKAÐ	LOKAÐ

30. DESEMBER

ÁRBÆ	GERÐUBERGI	GRÓFINNI	KRINGLUNNI	SÓLHEIMUM	SPÖNGINNI
10 - 19	10 - 18	10 - 19	10 - 18:30	LOKAÐ	10 - 19

31. DES. - **01.** JAN.

ÁRBÆ	GERÐUBERGI	GRÓFINNI	KRINGLUNNI	SÓLHEIMUM	SPÖNGINNI
LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ	LOKAÐ

02. JANÚAR

ÁRBÆ	GERÐUBERGI	GRÓFINNI	KRINGLUNNI	SÓLHEIMUM	SPÖNGINNI
LOKAÐ	LOKAÐ	10 - 19	10 - 18:30	10 - 19	10 - 19

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS

www.borgarbokasafn.is
Borgarbókasafnið
@borgarbokasafn

BBS2019

Jólahugleiðing

Tökum eftir stóru tánum

Þegar hátíð fer að höndum ein minnir svo ótal margt á jólin. Jólaljósaskreytingarnar eru löngu komnar upp og eru svo kærkomnar á þessum dimmasta tíma ársins. Enda er það líka svo, að þegar líða fer að jólum, heyrist svo oft að það væri erfitt að komast í gegnum veturinn nema ef væri fyrir jólin, gleðina og kærleikanum sem tímanum fylgir, já og öllum siðum og venjum sem koma okkur í hátíðarskap. Það er einhver sérstök stemning sem fylgir því að skreyta hús og heimili og dansa í kringum jólatréð og syngja saman gömlu góðu jólalögin sem við lærðum í bernsku og hafa fylgt okkur æ síðan – og í raun merkilegt hvað manni þykir vænt um þessi lög, jafnvel þó texti lagana kemur hvergi inn á jól eða jólaboðskap – eins og lög á borð við Adam átti syni sjö, Nú skal segja eða Gekk ég yfir sjó og land sem sungin eru á öllum jólaskemmtunum, eða hið sígilda Göngum við í kringum – þar sem textahöfundinum fannst það einstaklega frábær hugmynd að syngja um það hvernig maður getur verið í heila viku að þvo þvott og ganga frá.

Sunginn allt frá 14. öld

Hins vegar eru þær svo margar perlur jólatónlistarinnar sem fjalla um inntak jólanna og hafa fylgt kynslóðunum, jafnvel í gegnum aldir, eins og sálmurinn „Í Betlehem er barn oss fætt“ sem hefur verið sunginn allt frá fjórtándu öld. Sálmurinn sem segir sögu fæðingu frelsarans og þeim viðbrögðum sem heimsbyggðin öll ætti að sýna þeim viðburði „því fagni gjörvöll Adams ætt“.

„black Friday“ eða „cyber Monday“.

Þó fögnuðurinn hafi fylgt jólum í gegnum tímans rás hafa jólahefðirnar sannarlega breyst og kannski má segja að áhersla tíðarandans í aðdraganda jóla hafi færst frá helgi og hátíðleika yfir í jólahlaðborð, tónleika, skemmtanir eða tilboðsdaga á borð við „black Friday“ eða „cyber Monday“. En þó jólasiðirnir breytist megum við ekki gleyma þeirri forsendu sem liggur að baki hinum kristnu jólum, barninu sem lagt var í jötu í fjárhúsi í Betlehem fyrir ríflega tuttugu öldum og þeirri byltingu sem þetta barn átti eftir að hafa á veröldina alla og við njótum góðs af enn þann dag í dag. Boðskapur sem hefur gefið svo ótrúlega mikið en margir taka sem sjálfsögðum hluta tilverunnar.

Ólafur Jóhann Borgþórsson.

Ágætt að byrja á þessum enda

Því það er svo ríkt, sérstaklega þegar vel árar, að taka öllu svo sjálfsögðu að maður tekur jafnvel ekki eftir dýrmætum lífsins fyrr en maður hefur þau ekki lengur hjá sér. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Einn gamall vinur minn varð fyrir því vegna alvarlegrar sykursýki, sem hann hafði glímt við um árabil, að fá alvarlegt drep í stóru tána, með þeim afleiðingum að engir aðrir kostir voru í boði nema að taka hana af. Tveim vikum eftir aðgerðina, hitti ég vin minn og spurði hvernig hann hefði það og svarið var: „Jah, fyrst þeir þurftu að fara að taka eitthvað af mér, var ágætt að þeir byrjuðu á þessum enda“, en sagði svo í kjölfarið: „en ég hef hins vegar aldrei velt því fyrir mér hvað tærnar hafa skipt máli, því eftir aðgerðina hef ég þurft að hafa mig allan fram um að halda jafnvæginu og gæta þess að falla ekki í hverju einasta spori.“

Stóru tærnar eru víða

Staðreyndin er nefnilega sú að stóru tærnar eru býsna víða, hlutir sem við tökum sem svo sjálfsagða hluti tilverunnar. Þessa hluti sjáum við ekki síst í boðskap Jesú Krists, sem margir telja svo sjálfsagðan, að það þurfi vart að veita honum eftirtekt eða spá í honum á sérstakan hátt – því allt er það svo sammannlegt! En er það virkilega svo?

Í þeim löndum sem hinn kristni boðskapur hefur fengið að móta samfélögin sjáum við hvar lögð hefur verið áhersla á jafnrétti, að styðja við þá sem minna mega sín og áherslan lögð á að skapa gott samfélag sem byggir á boðorðunum tíu og gullnu reglunni og veitir von um eilíft líf og styrk á göngu um dimma dali og svo mætti áfram telja. Þessi boðskapur byggir allur á barninu sem fæddist í jötu á hinum fyrstu jólum og hefur reynst svo mörgum svo dýrmætur. Þessi boðskapur er ekki sjálfsagður. Tökum því á móti jólum með þakklæti fyrir alla þá birtu og kærleika sem þau hafa fært Guðs börnum.

Guð gefi þér og þínum gleðileg jól!
Ólafur Jóhann Borgþórsson.

FB

Kvöldskóli FB

Vorönn 2020

Sjúkraliðabraut,
Rafvirkjabraut,
Fab-Lab áfangar
Margir áfangar til stúdentsprófs

Kennsla hefst 6. janúar 2020

Allar nánari upplýsingar á www.fb.is og kvold@fb.is

ALLAR OKKAR PEYSUR ERU PRJÓNAÐAR Á ÍSLANDI

VELJUM ÍSLENSKT

HANDPRJÓNASAMBAND
ÍSLANDS

Skólavörðustígur 19 & Borgartún 31
s: 552 1890
handknitted.is

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Gæðatímar með börnunum borga sig margfalt

Nýjar niðurstöður PISA rannsóknarinnar sýna að við þurfum að gera betur með kennslu barna okkar bæði í grunnskólum landsins og á heimilunum. Þá sýna nýjustu rannsóknir einnig að allt of mörg íslensk börn þjást af offitu eða eru illa á sig komin líkamlega vegna hreyfingarleysis og óhófs í mat.

Þráinn Hafsteinsson.

Menntamálaráðherra hefur þegar sett fram stefnu um hvernig skólakerfið muni bregðast við. En hvernig geta foreldrar brugðist við, axlað ábyrgð og aðstoðað börn sín við að bæta menntun sína og heilsufar? Um áramót strengir fólk gjarnan heit og setur sér markmið um alls konar áætlanir á nýju ári. Hér með er skorað á foreldra í Breiðholti að taka forystu í borginni og á landsvísu um aukna samveru með börnum sínum. Með aukinni samveru foreldra og barna skapast meiri möguleikar til samræðna, tengslamyndunar, skilnings og samstarfs t.d. um heimanám, hreyfingu, mataræði og svefn. Um leið og við foreldrar kjósum að verja meiri tíma með börnunum okkar vitum við meira um langanir þeirra og áhuga og getum frekar orðið þeim uppbyggilegir bakhjarlar, leiðbeinendur og samherjar. Gæða tímar með börnunum skila sér margfalt til baka í meiri lífsgæðum og hamingju barna og foreldra. Um leið vinnum við á þeim vanda sem við okkur blasir í heilbrigði og menntun barnanna okkar.

Þú sem einstaklingur berð ábyrgð

Börn og unglingar sem alast upp í samfélagi okkar þurfa fyrirmyndir til að líta upp til, treysta, bera virðingu fyrir, læra af og herma eftir. Meðan að börn eru lítil eru það fyrst og fremst foreldrar þeirra sem eru fyrirmyndir þeirra. Síðar koma til sem fyrirmyndir, kennarar, þjálfarar, vinir, ættingjar og aðrir sem barnið hugsanlega umgengst mikið. En fyrirmyndirnar eru ekki eingöngu þeir sem barnið umgengst mikið heldur einhverjir sem barnið hefur jafnvel aldrei hitt s.s. þekktir einstaklingar sem fjallað er um í fjölmiðlum eða á samfélagsmiðlum en eru að öðru leyti ekki hluti af lífi barns eða unglings.

Þú ræður því sem sagt alls ekki sjálfur hvort barn, unglingur eða fullorðinn tekur þig sem sína fyrirmynd í lífinu. Ef þú ert foreldri fylgir því óhaggað að vera fyrirmynd barnanna. Þín framkoma mun ekki bara koma þér við heldur getur hún haft veruleg áhrif á þá sem þér eru næstir og jafnvel á fjöld fólks sem þú þekkir ekki neitt. Þú sem einstaklingur berð því mikla ábyrgð þegar þú velur þér lífsstíl og framkomu.

Vegna þess að við erum ekki ein í heiminum verðum við hver sem við erum að bera virðingu fyrir þeirri staðreynd að við gætum verið fyrirmyndir annarra. Tökum þá ábyrgð alvarlega og vöndum okkur við það sem við fáumst við og höfum alltaf í huga að við hvert fótmál sem við stígum gæti einhver verið að fylgjast með gjörðum okkar og taka okkur til fyrirmyndar. Vinnum að því að vera góðar fyrirmyndir.

Þráinn Hafsteinsson
Verkefnastjóri frístunda og félagsauðs
Þjónustumiðstöð Breiðholts

Getraunanr. 111 www.leiknir.com
Leiknir var stofnað 1973 Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknisstelpurnar komnar á fulla ferð

Meistaraflokkur kvenna er kominn á fulla ferð en stelpurnar léku æfingarleik nýlega og þar vannst 4-0 sigur.

Mótherjinn var Hamar frá Hveragerði en félagið er nýbyrjað með meistaraflokk kvenna og er því í sömu sporum og Leiknir var fyrir ári síðan.

Bryndís Gréta Björgvinsdóttir og Oliwia Bucko skoruðu mörk Leiknis í fyrri hálfleik. 2-0 eftir 45 mínútna leik. Bryndís bætti svo við öðru marki og Berglind Birta Jónsdóttir átti lokaorðið. Leikið var á gervigrasvelli Leiknis.

www.leiknir.com

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson

Margrét Á. Guðjónsd.

Kristín Ingólfsdóttir

Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Íþróttahús ÍR að rísa

Íþróttahús ÍR í byggingu. Grindin er risin og af henni má ráða stærð hússins.

Fjölnota íþróttahús ÍR-inga er nú óðum að rísa í Mjóddinni. Þar verður hálfur knattspyrnuvöllur og aðstaða fyrir æfingar í frjálsum íþróttum en húsið verður um 4.300 fermetrar en í 1.300 fermetra hliðarbyggingu verða m.a. búningsklefar og aðstaða til lyftinga.

Á vef Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að kostnaður við byggingarnar verði um 1,2 milljarðar og samkvæmt áætlunum verður það tekið í notkun snemma á næsta ári. Byggingafyrirtækið Munck er framkvæmdaraðili. Þá undirbúningsvinna hafin vegna fyrirhugaðrar byggingar íþróttahúss með parketgólfi við byggingarnar í það er áformað að ráðast síðar.

Skráningar í Parkour og fimleikar á vorönn

Skráningar í Parkour og fimleika hefjast 3. janúar inni á www.ir.is / skráning iðkenda. Æfingar í fimleikum hefjast 7. janúar en æft er í Breiðholtsskóla á þriðjudögum, laugardögum og sunnudögum skv. æfingatöflu inn á ir.is.

Tímabilið í Parkour hefst sunnudaginn 5. janúar kl 14:30-15:30 en æft er á þessum tíma á sunnudögum í Breiðholtsskóla. 12. janúar verður opin æfing kl. 14:30-15:30 og eru allir velkomnir. 6. janúar verður kynning á Parkour í félagsmiðstöðinni Hólmaseli kl. 20 og 10. janúar verður sambærileg kynning í Bakkanum kl. 20 og eru allir unglingar velkomnir á þessar kynningar.

Glaðir Parkourkrakkar hjá ÍR.

Nánari upplýsingar um ÍR Parkour og fimleika veitir Fríða Rún Þórðardóttir, frida@heilsutorg.is

Fréttir
Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Bókhald.net
Bókhaldsþjónusta, fjármála- og viðskiptaráðgjöf
Álfabakka 14a - 2. hæð
109 Reykjavík
Sími: 898-0981
Netfang: th@bokhald.net
www.bokhald.net

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is
Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.

HEIMASÍÐA ÍR
www.ir.is

1X2
GETRAUNANÚMER
ÍR ER 109

„FLÉTTUMEISTARINN“

ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON, DV

★★★★

„Ragnar Jónasson hefur vaxið jafnt og þétt sem höfundur glæpasagna, hefur fest sig í sessi í fremstu röð og sennilega er Hvítidauði besta bók hans til þessa. Hann er á fleygiferð í annars rólegri og yfirvegaðri sögu og lesandinn er með frá upphafi til loka. Ekki er hægt að biðja um mikið meira.”

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU

★★★½

„Hvítidauði er ljómandi glæpasaga, persónugalleríið fjölbreytt og mannlegt og vel haldið utan um þræði. ... Spennandi og vel fléttuð glæpasaga.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐINU

Snjóblinda
Blackwell's bókabúðakeðjan valdi hana eina af 100 bestu glæpasögum sem komið hafa út.

Dimma
Sunday Times valdi hana eina af hundrað bestu glæpasögum frá stríðslokum.

Drungi
Sunday Times valdi Drunga í vikunni sem eina af fimm bestu glæpasögum ársins í Bretlandi

BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is